



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2022
VEL22010009

Samþykkt velferðarráðs um breytingu á fjárhæðum sérstaks húsnæðisstuðnings

Á fundi velferðarráðs þann 2. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 2. febrúar 2022, um breytingu á fjárhæðum sérstaks húsnæðisstuðnings:

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. janúar 2022, á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.752.707	5.940.884	396.059	495.074
2	6.285.838	7.857.298	523.820	654.775
3	7.359.030	9.198.788	613.253	766.566
4 eða fleiri	7.972.283	9.965.354	664.357	830.446

Greinargerð fylgir tillögunni. VEL22010009.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir nú hækkun á tekju- og eignamörkum vegna sérstaks húsnæðisstuðnings til samræmis við hækkun frítekjumarka vegna húsnæðisbóta. Breytingarnar taka gildi afturvirkir frá 1. janúar 2022

Fulltrúi Sósíalístafllokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um almenna breytingu að ræða sem er uppfærð árlega í tengslum við reglugerð. Fulltrúi sósíalísta telur mikilvægt að endurskoða þetta í heild sinni þannig að enginn greiði meira en 25% af ráðstöfunartekjum sínum í leigu.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins telur að þessi hækkun haldi ekki við nýjustu verðbólguþörlur,

5,7%. Verði þetta breytingin þá rýrnar húsnæðisstuðningur milli ára miðað við verðbólgu.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytingarinnar í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, reading "Regína Ásvaldsdóttir". The signature is written in a cursive style with a large initial 'R'.

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um breytingu á fjárhæðum sérstaks húsnæðisstuðnings ásamt greinargerð.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Breyting á fjárhæðum sérstaks húsnæðisstuðnings

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. janúar 2022, á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.752.707	5.940.884	396.059	495.074
2	6.285.838	7.857.298	523.820	654.775
3	7.359.030	9.198.788	613.253	766.566
4 eða fleiri	7.972.283	9.965.354	664.357	830.446

Greinargerð:

Þann 12. janúar 2022 undirritaði innviðaráðherra reglugerð sem felur í sér breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 5,6% og gilda þær breytingar frá 1. janúar 2022. Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 5,6% og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2022.

Félagsmálaráðuneytið gefur út leiðbeiningar til sveitarfélaga um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings og uppfærir árlega tekju- og eignaviðmiðin. Búið er að uppfæra þessi tekju- og eignaviðmið fyrir árið 2022 en þau eru lægri en tekju- og eignaviðmið vegna almennra húsnæðisbóta. Í tillögu þessari er lagt til að fylgja tekju- og eignaviðmiðum vegna almennra húsnæðisbóta leigjendum til hagsbóta.

Heildaráætlun ársins 2022 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.301 m.kr. og gert er ráð fyrir að hækkan rúmist innan fjórheimilda.